UMHVERFIS
STOFNUN

Veiði- og fiskræktarfélag Landmannaafréttar
Meiri-Tunga 1
851 Hella

Akureyri, 3. nóvember 2020
UST202003-320/S.K.
08.12.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 22.9.2020 hjá Veiði- og fiskræktarfélagi Landmannaafréttar, Galtalæk.**

Þann 22. september sl. fór fram eftirlit í fiskeldisstöð Veiði- og fiskræktarfélagsins. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Engin ábending var gerð í eftirlitinu og eitt frávik kom fram:**

1. Gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Skráningum skv. gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi er ábótavant, þ.e. skráningar á vatnsnotkun, framleiðslumagni, afföllum, fóðurmagni, dauðfiski.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 24. nóvember, 2020.**

Virðingarfyllst

Steinunn Karlsdóttir
Steinunn Karlsdóttir
Sérfræðingur

Hulda S. Jónasdóttir
Hulda Soffía Jónasdóttir
Sérfræðingur

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Suðurlands

## Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

| Nafn rekstraraðila: | Dags. eftirlits: | Staðsetning stöðvar: | Brottfallinn starfsleyfisflokkur: |
|---|---|---|---|
| Veiði- og fiskræktarfélag Landmannaafréttar | 22.9.2020 | Galtalæk | 4 |
| **Kennitala rekstraraðila:** | **Gildistími starfsleyfis:** | **Kvittun afhent:** | **Gerð stöðvar:** |
| 630580-0999 | Starfsleyfi í vinnslu | Já | Landeldi, áframeldi |

| Starfssemi | Já / Í lagi | Nei / Ekki í lagi | Á ekki við | Athugasemdir: |
|---|---|---|---|---|
| Er umfang í samræmi við starfsleyfi? | X | | | 2000 urriðaseiði af náttúrulegum stofnum eru alin í til sleppinga.<br>Umsókn v. nýs starfsleyfis hefur verið send inn til stofnunarinnar og er þar í vinnslu. |
| Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti?<br>Áætlaðar breytingar? | X | | | Búið er að koma fyrir 10.000 L settanki.<br>Unnið er að því að bæta við tveimur kerjum í stöðinni, ekki erum fjölgun seiða að ræða aðeins að auka plássið sem fiskurinn hefur. |
| Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi). | | X | | Allar áætlanir eru til staðar í gæðahandbók. Sérstakt skráningar eyðublað fyrir daglega vatnsnotkun, afföll og fóðurnotkun hefur verð útbúið en útfyllingu á því hefur ekki verið sinnt sem skildi. |
| Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí? | | | X | |
| Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí? | | | X | |
| Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar) | X | | | Allar áætlanir aðgengilegar í eftirliti. Sjá gæðahandbók. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður? | | | X | |
| Er trygging vegna bráðamengunar í gildi? | | | X | |
| Er neyðaráætlun til staðar? | X | | | Sjá gæðahandbók. |

| Umhverfi | Já / Í lagi | Nei / Ekki í lagi | Á ekki við | Athugasemdir: |
|---|---|---|---|---|
| Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi? | | | X | |
| Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki? | X | | | Klukkufóðrun. |
| Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt?<br>Mælingar eða útreikningar?<br>Síðustu mælingar? | X | | | Útreikningar á köfnunarefni og fosfór hafa verið gerðir. |
| Ástand frárennslis.<br>Eru set eða útfellingar?<br>Olía eða froða?<br>Sorp eða aðrir aðskotahlutir?<br>Hitauppgufun frá frárennsli?<br>Er óeðlileg lykt?<br>Er fiskur í frárennsli? | X | | | Ekkert set, útfellingar né froða sést við frárennsli. Smá fitubrák var við útrennslisrör. |
| Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síun, settjörn, tromlur, oþh.<br>Leið frárennslis frá keri að viðtaka. | X | | | Frárennsli frá kerjunum er veitt í 10.000 L settank. Frárennsli er leitt inn í tankinn efst upp og er tankurinn eitt rými án skilrúma. Frárennslið frá tankinum er efst í honum og eiga skítur og fóðurleifar að setjast á botn hans. Frárennslið |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | | | frá tanknum rennur um rör tveggja metra leið út í Galtalæk. |
| Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór). | X | | | Kerin standa í röð samsíða Galtalæknum og frárennslið rennu þar í. Kerin eru um 2-3 m frá læknum. Viðtakinn lítur vel út þrátt fyri smá fitubrák, önnur ummerki eru ekki sjáanleg. |
| Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka. | X | | | Skv. gæða handbók er ástand viðtaka skoðað vikulega. |
| Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks? | X | | | Plast og annar flokkanlegur úrgangur fer á Strönd.<br>Öllu jafna eru 0-2 dauðfiskar í stöðinn á dag. En þó fleiri fyrst eftir flutning seiða í stöðina. Dauðfiskur fer í almennan úrgang. |
| Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi? | X | | | Sjá gæðahandbók. |
| Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar. | | | X | |
| Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á. | | | X | |
| Næstu áætluðu mælingar? Hverjar?<br>Er það skv. starfsleyfi?<br>Hver sér um mælingarnar? | | | | Áætlað er að framkvæma mælingar á þriggja ára fresti. Mælingar hafa ekki verið framkvæmdar. |

| **Niðurstöður síðasta eftirlits:** | |
|---|---|
| Farið var í fyrirvaralaust eftirlit í stöð Veiði- og fiskiræktarfélag Landmannaafréttar til þess að staðfesta að um starfsemi væri að ræða í stöðinni en skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I–V, hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. Óheimilt er að hefja atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út eða hann ekki verið skráður hjá Umhverfisstofnun.<br><br>Fimm frávik komu fram við eftirlitið er varðar starfsleyfisskyldan rekstur án starfsleyfis, losun efna, skráningar, frárennsli og viðbragðs- og neyðaráætlanir. | |
| **Samantekt:** | Eitt frávik vegna skráninga kom fram í eftirliti og ein athugasemd vegna förgunar dauðfisks.<br><br>Lítið áframeldi fyrir urriðaseiði af nátturlegum stofnum sem koma úr stöð Veiðifélags Landmannaafréttar í Götu og eru alin til sleppinga. Um er að ræða þrjú ker en unnið er að því að bæta við tveimur kerjum, ekki er um stækkun að ræða.<br><br>Farið var yfir áætlanir og skráningar. Starfsstöðin var skoðuð og þá sérstaklega nýlegur settankur. |
| **Annað:** | Fylgjast þarf með virkni nýs settanks sé í lagi og þá sérstaklega vegna smá brákar sem sást í viðtaka. Virkni tanksins sést helst á uppsöfnun efnis í tanknum og niðurstöðum efnamælinga.<br><br>Leiðbeiningar um tilkynningar mengunaróhappa voru kynntar í eftirlitinu.<br><br>Áhættumat til ákvörðunar tíðni vettvangsheimsókna eftirlits í samræmi við 4. mgr. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit kynnt.<br><br>Leiðbeiningar um útreikninga á losun í fiskeldi voru sendar starfsleyfishafa í tölvupósti. |

*Undirskrift eftirlitsmanns:* Steinunn Karlsdóttir

# EFTIRLITSSKÝRSLA

UMHVERFIS STOFNUN

**Veið-fiskræktarfél Landmannaafréttar  Galtalæk**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Dags eftirlits** | 22.9.2020 | **Ábyrgðarmaður eftirlits** | Steinunn Karlsdóttir |
| **Fyrirtæki** | Veið-fiskræktarfél Landmannaafréttar | **Eftirlitsmaður** | |
| **Heimili** | Meiri-Tunga 1B | **Tegund eftirlits** | Reglubundið |
| **Kennitala** | 630580-0999 | **Flokkur** | Fiskeldi |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | Valtýr Valtýrsson | **ÍSAT nr.** | |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | Sveinn Sigurjónsson | **Staðsetning** | |

**NIÐURSTAÐA EFTIRLITS**

Eitt frávik vegna skráninga kom fram í eftirliti og ein athugasemd vegna förgunar dauðfisks.

**UMFANG EFTIRLITS**

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

| **Frávik frá** | **Lýsing á fráviki** |
|---|---|
| Gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi | Skráningum skv. gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi er ábótavant, þ.e. skráningar á vatnsnotkun, framleiðslumatni, afföllum, fóðurmagni, dauðfiski. |

**ÁBENDINGAR**

Dauðfiskur á ekki að fara í almennan úrgang heldur lífrænan úrgang. Ef magnið sem fellur til er óverulegt þá ætti að vera nóg að setja dauðfisk í lífrænan úrgang sem hirtur er á vegum sveitarfélagsins. Ef magn eykst væri hægt að setja hann í ílát og fara með í viðeigandi förgun eða endurvinnslu.

**ANNAÐ**

Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Reykjavík, 15.10.2020

Steinunn Karlsdóttir

Steinunn Karlsdóttir

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.